Andlát

Leifur Jónsson, Njarðargötu 27, Reykjavík, andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 28. febrúar.

Jón H. Jónsson, Miðhúsum, Mýrarsýslu, lést í Sjúkrahúsi Akraness 28. febrúar.

Ingibjörg Gunnlaugsdóttir kennari, Jöklafold 12, andaðist aðfaranótt þriðjudagsins 28. febrúar.

Jarðarfarir



Hjörný Friðriksdóttir lést 21. febrúar. Hún fæddist á Ísafirði 2. ágúst 1941, dóttir hjónanna Elínborgar Sigurðardóttur og Friðriks Ottóssonar. Hjörný lauk námi frá Kvennaskólanum. Síðustu árin starfaði hún hjá Flugleiðum. Hún var sölustjóri á söluskrifstofu Flugleiða í Kringlunni frá opnun 1987. Eftirlifandi eiginmaður hennar er Jón Hilmar Björnsson. Útför hennar verður gerð frá Dómkirkjunni í dag kl. 13.30.

Þórður Sigurðsson, Hörgatúni 9, Garðabæ, verður jarðsunginn frá Garðakirkju föstudaginn 3. mars kl. 13.30.

Gunnar Þorsteinsson, Reykjalundi, verður jarðsunginn frá Lágafellskirkju laugardaginn 4. mars kl. 11.

Sigríður Ásmundsdóttir saumakona, Vesturströnd 29, Seltjarnarnesi, verður jarðsett frá Dómkirkjunni föstudaginn 3. mars kl. 13.30.

Anton Kristjánsson rafvirkjameistari, Brekkugötu 9, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 3. mars kl. 13.30.


Sveinn E. Sveinsson, fyrrverandi matsveinn, Hrafnistu, Reykjavík, sem lést 25. febrúar, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 3. mars kl. 10.30.

Margrét Sólveig Sigurðardóttir frá Hofteigi, Deildartúni 2, Akranesi, sem lést í Sjúkrahúsi Akraness 26. febrúar, verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 3. mars kl. 11.


Hugi P. Hraunfjörð pípulagningameistari, Fannborg 1, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 3. mars nk. kl. 13.30.

Útför **Maríu Emilíu Albertsdóttur** frá Sléttu, Sléttuhreppi, fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 3. mars kl. 15.

Menning



Margrét Jónsdóttir – Tvær ónefnur, olía, 1988.



Daði Guðbjörnsson - Tvöföld krossfesting, olía, 1984–88.

Tvöföld krossfesting

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Það verður að segja hverja sögu eins og hún er. Sýning Félags íslenskra myndlistarmanna að Kjarvalsstöðum, sem að einhverju leyti er ætlað að koma í stað hefðbundinnar haustsýningar, er ansi hreint raunaleg uppákoma.

Meðlimir í FÍM eru nú komnir hátt á annað hundrað en af þeim taka aðeins nítján þátt í sýningunni.

Flestir þeirra eru nýliðar í samtökunum, of reynslulitlir til að láta mikið að sér kveða, en þeir sem hafa til þess burði skortir aftur á móti sannfæringuna.

Þetta er náttúrlega uppskrift að tilvistarkreppu og fer ekki hjá því að manni verði hugsað til framtíðar listamannasamtaka sem ekki eru þess umkomin að setja saman sæmilega rismikla sýningu á nokkurra ára fresti.

Hefur FÍM gengið sér til húðar í núverandi mynd? Hefur SÍM tekið við hlutverki þess? Eða er sjálfu sýningarforminu um að kenna?

Þessi mál ættu myndlistarmenn að taka til umræðu við fyrsta tækifæri áður en almenningur missir alla trú á samtökum þeirra.

Ég hef áður viðrað þá skoðun mína að eina leiðin til að hefja samsýningar FÍM aftur til vegs og virðingar sé að hætta innsendingum en fela einstaklingi eða nefnd að búa sýningar til eftir eigin höfði.

Til þess er nauðsynlegt að ganga á milli vinnustofa og velja glóðvolg listaverk til sýningar með það fyrir augum að gefa sterka og fjölbreytta heildarmynd af íslenskri myndlist á hverjum tíma.

Þessari skoðun er hér með komið aftur á framfæri.

Það er sem sagt ekki mjög uppörvandi að skoða þetta litla og handahófskennda samansafn mynda sem fundið hefur sér leið upp á veggi Kjarvalsstaða.

Þar er að vísu fátt sem mundi teljast óalandi og óferjandi en jafnfá verk hafa til að bera nauðsynlega innlifun og sköpunarkraft, það sem Danir mundu kalla „vængjaþyt".

Því má segja að þau haldi sýningunni uppi, Sigurður Örlygsson og Margrét Jónsdóttir, hvort tveggja með víðfeðm verk og innihaldsrík.

Svo sá ég ekki betur en að Daði Guðbjörnsson væri farinn að hugsa meira um tákn en myndletur, alltént þóttist ég greina lítt dulda tilvísun í þjóðlarvætti listamannsins í stórri mynd hans, „Tvöföld krossfesting" (nr. 28).

FÍM-sýningunni lýkur sunnudagskvöldið 5. mars. **-ai.**

Tilkynningar

„Ljóð í Nýhöfn"

Listasalurinn Nýhöfn, Hafnarstræti 18, ásamt Ara Gísla Bragasyni og Steinunni Ásmundsdóttur gengst fyrir ljóða- og tónlistarkvöldi í kvöld, 2. mars. Þeir sem lesa upp úr verkum sínum eru: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Ragnhildur Pála Ófeigsdóttir, Ólafur Haraldsson, Gísli Þór Gunnarsson, Þorsteinn frá Hamri, Bárður Jónsson, Eiríkur Brynjólfsson, Hansína Ingólfsdóttir og Jónas Þorbjarnarson. Karl Guðmundsson mun lesa úr ljóðaþýðingum sínum. Kynnir er Steinunn Ásmundsdóttir. Áætlað er að hafa ljóðalestur í Listasalnum einu sinni í mánuði. Dagskráin hefst kl. 20.30 og stendur til kl. 22.30. Kaffiveitingar í hléi. Í Nýhöfn stendur nú yfir sýning Bjarkar Örvar á olíumálverkum.

Félag eldri borgara

Opið hús í Goðheimum, Sigtúni 3, í dag, fimmtudag. Kl. 14 frjáls spilamennska, kl. 19.30 félagsvist, kl. 21 dansað. Ath: Góugleði verður haldin í Tónabæ 4. mars nk. Miðasala verður á skrifstofu félagsins í síma 28812.

Alþjóðlegur bænadagur kvenna

verður að þessu sinni föstudaginn 3. mars og verður samkoma hjá Hjálpræðishernum kl. 20.30 þann dag. Alþjóðlegur bænadagur kvenna er vaxinn úr litlum bænahópum upp í alheims samfélag sem er sterkur hlekkur milli kvenna um allan heim. Ár hvert bætast nýir hópar í þennan bænahring. Nú taka um 170 þjóðir þátt í þessum bænadegi kvenna sem er haldinn árlega fyrsta föstudaginn í mars. Allir, jafnt konur sem karlar, eru velkomnir á samkomur bænadags kvenna um allt land föstudaginn 3. mars.

Íslandsmeistarakeppni unglinga í frjálsum dönsum

Dagana 10. og 18. mars verður haldin í félagsmiðstöðinni Tónabæ 8. Íslandsmeistarakeppni unglinga í Frjálsum dönsum („Freestyle"). Allir unglingar búsettir á landinu og fæddir 1972–1975 geta tekið þátt. Keppt verður í tveimur flokkum, einstaklings- og hópdönsum. Hópur telst minnst 3 keppendur. Enginn hámarksfjöldi er, en allt umfram 7 keppendur getur dregið úr gæðum danssins vegna gólfstærðar. Einstaklingsdansar mega vera hámark 2,5 mín. Hópdansar mega vera hámark 3 mín. Úrslit verða í Tónabæ laugardaginn 18. mars. Þátttökugjald er 200 kr. á mann. Skráning er hafin í Tónabæ í síma 35935 og stendur til 3. mars.

Kvikmyndir

Kvikmyndaklúbbur Íslands

sýnir í dag, og á laugardag vesturþýsku myndina „Karlmenn", (Männer), frá árinu 1986 eftir þýska leikstjórann Doris Dörrie. Myndin er sýnd í kvikmyndahúsinu Regnboganum við Hverfisgötu kl. 21 og 23 í kvöld og á laugardag kl. 15. Miðaverð er 200 krónur fyrir klúbbmeðlimi. Félagsskírteini fást í miðasölu Regnbogans og kosta 500 krónur. Þessi mynd Doris Dörrie, sem er einn virtasti kvenleikstjóri Vestur-Þýskalands, hlaut bestu aðsókn sem þýsk mynd hefur hlotið síðan stríðinu lauk og varð eftir það mjög vinsæl í New York. Myndin er 99 mínútur að lengd og er enskur texti á myndinni.

Fundir

Aðalfundur Ferðafélags Íslands

Aðalfundur Ferðafélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 2. mars í Sóknarsalnum, Skipholti 50a. Fundurinn hefst stundvíslega kl. 20.30. Venjuleg aðalfundarstörf. Félagar sýni skírteini frá árinu 1988 við innganginn.

Tapað fundið



Læða tapaðist

Gul og bröndótt læða með hvíta bringu og loppur tapaðist úr Ártúnsholti á sunnudaginn sl. Hún var merkt með rauða ól. Finnandi vinsamlegast hringi í s. 673717.

Hjól tapaðist

Grátt og silfurlitað hjól af gerðinni X2 (svipað BMX) tapaðist frá Hólabrekkuskóla á þriðjudagskvöldið sl. milli kl. 20–22. Ef einhver veit hvar hjólið er niðurkomið, þá vinsamlegast hringið í síma 79435.

†

Þökkum hjartanlega sýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar ömmu okkar og langömmu

Oddnýjar Ingimarsdóttur

Eyrargötu 14, Siglufirði

Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu

Margrét Gunnarsdóttir — **Oddný Gunnarsdóttir**
Sigurlaug Gunnarsdóttir — **Svava Gunnarsdóttir**
Kolbrún Gunnarsdóttir — **Sigríður Gunnarsdóttir**
makar og barnabarnabörn

DV

SENDLAR ÓSKAST

á afgreiðslu DV strax
Upplýsingar í síma 27022.

B·L·A·Ð
BURÐARFÓLK
á öllum aldri óskast í eftirtalin hverfi:

Lindarbraut
Miðbraut
Vallarbraut
Leifsgötu
Egilsgötu

Sendlar óskast á afgreiðslu strax.

AFGREIÐSLA DV
ÞVERHOLTI 11 — SÍMI 27022

DV

Nú er hægt að hringja inn smáauglýsingar og greiða með korti.

Eitt símtal

Þú gefur okkur upp:
Nafn þitt og heimilisfang, síma, nafnnúmer og gildistíma og númer greiðslukorts.

Hámark kortaúttektar í síma kr. 5.000,-

SMÁAUGLÝSINGADEILD
ÞVERHOLTI 11
SÍMI 27022